

1862.

11. júlím.

um, hvort þér megid greiða úr jafnaðarsjóði vesturumdæmisins borgun þá, að upphæð 3 rdl. 48 sk., sem Jón Thóróddsen, fyrrum sýslumaður í Barðastrandarsýslu, nú í Borgarfjarðarsýslu, hefir krafizt fyrir það, að hann hafði snúið á dönsku eptir fyrimælum amtsins réttarprófi, er áður hafði verið hingað sent, um sjálfs-morð það, er Ólafur Ólafsson á Kvíendisdal framdi árið 1859; svo hafid þér og spurt um, hvort það sé amtmaður eður sýslumaður, sem, þegar svona stendur á, sé skyldur til að láta slíkar þýðingar af hendi ókeypis, ef ekki megi borga þær úr jafnaðarsjóðnum.

Um þetta efni skal yður til vitundar gefid, sjálfum yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Jóni sýslumanni Thóróddsen, að honum ber ekki nein borgun fyrir þýðing þá, sem hér er um rætt, með því svo ber að álíta, að það sé embættis-skylda sýslumanna, þegar eins er ástatt og hér, og amtmaður æskir þess, að annast um danska þýðing á skjölunum, án þess þeir fái nokkra borgun fyrir.

Þar sem sjá má af bræfi amtsins 28. febrúarm. þ. á., að Thoróddsen sýslumanni 21. desemberm. 1859 hefir verið boðið að þýða á danska tungu próf það, sem áður er getið, en að hann eigi hefir sent amtmanni þýðinguna fyrri en með bræfi dags. 2. janúarm. síðast liðna (2. janúarm. 1862) og að hann þannig hefir haft hér um bil 2 ár til þessa lítilfjörlega starfa, þá eruð þér beðnir að gefa honum áminning fyrir ótilhlýðilegan drátt hans á máli þessu.

11. júlím. **40. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um styrk handa dannebrogsmanni.**

Stjórn hinna konunglegu heiðursmerkja hefir skýrt dómsmálastjórninni frá, að hans hátign konungurinn hafi með allra-

„gjöld, sem eptir nú gildandi eða seinna lögleiddum lögum hvila „eða verða lögð á fasteignir í landinu“.

Síðan segir í uppboðsgjörðinni, að uppboð hafi farið fram, og að bakaraméistari D. Bernhöft í Reykjavík hafi orðið hæstbjóðandi, en boð hans hafi verið 110 álnir; hafi hann fengið hamarshögg upp á væntanlegt samþykki samkvæmt skilmálunum.

hæstum úrskurði 10. f. m. veitt Sigurði Helgasyni, fyrrum hreppstjóra, á Fitjum í suðurumdæminu á Íslandi, 50 ríkisdala árgjald úr styrktarsjóði dannebrogsmanna, frá því 1. júlím. 1861, og skuli fæð greitt úr jarðabókarsjóði Íslands, helmingur upphæðar þessarar á hverju missiri.

1862.
11. júlím.

Þetta eruð þér, herra stiptamtmaður, beðnir að láta kunn-
gjöra hlutadeiganda.

**41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um borgun prentunarkostnaðar fyrir
alþingistíðindi.**

11. júlím.

Eptir að komnar eru hingað með bréfi yðar, 29. aprílm. þ. á., ítarlegri skýrslur, er stjórnarráðið hafði beðið um, við-
víkjandi prentun alþingistíðindanna 1859, eruð þér, herra stipt-
amtmaður, um leið og yður nú skal sent bréf dagsett 30. s. m.,
er hingað hefir komið frá forseta á alþingi árin 1859 og 1861,
Jóni Guðmundssyni, settum málaflutningsmanni við landsyfir-
rættinn, viðvíkjandi borgun þeirra 200 ríkisdala, sem enn standa
eptir af reikningi prentsmiðjunnar fyrir prentun tíðindanna, beðnir
um að fá beina uppástungu Jóns Guðmundssonar um, hvernig
mál þetta skuli útkljáð, og bera síðan uppástungu þessa undir
álit stjórnenda prentsmiðjunnar, og geti þá ekki komið á neinn
samningur millum þeirra og alþingisforsetans, að leggja þá mál-
ið á ný fyrir stjórnarráðið, ásamt áleti yðar um það; komist
samningur á, vonast stjórnarráðið eptir að fá vísbending um það.

Fylgiskjölín eruð þér beðnir að senda aptur.

**42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins
yfir Íslandi, um laun organistans við dómkirkjuna
í Reykjavík.**

11. júlím.

Þér hafð, herra stiptamtmaður, síðast í bréfi 16. marzm.
þ. á., borið undir úrskurð dómsmálastjórnarinnar spurning um
borgun þeirrar launaviðbótar framvegis, sem bæði í fyrra og núna